

Björn Marteinnsson lauk CS-prófi í byggingarverkfræði frá Háskóla Íslands 1974, prófi í arkitektúr frá Háskólanum í Lundi í Svíþjóð 1979, MS-prófi í vélaverkfræði frá Háskóla Íslands 2002 og doktorsprófi frá KTH í Stokkhólmi 2005. Árið 1979 hóf Björn störf sem sérfræðingur á Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins, síðar Nýsköpunarmiðstöð Íslands, og vann þar til ársins 2016. Hann var dósent við Háskóla Íslands frá 2006 til 2020.

Björn á að baki langan og glæsilegan feril á sviði byggingarannsóknna og hefur tekið þátt í fjölmörgum verkefnum á því sviði. Má þar nefna orkunotkun húsa, þróun á sementsbundnu múrkerfi, ÍMÚR, greiningu á ástandi og viðhaldspörf húsa, endingu efna og byggingargalla. Samspil raka og hita og ástand byggingarluta hefur alla tíð verið Birni hugleikið. Framlag hans til rannsókna og fræðslu um rakavandamál og gæði innivistar er ómetanlegt.

Björn tók þátt í rannsóknarverkefninu „Betri borgarbragur“ þar sem meðal annars var fjallað um þéttingu byggðar. Hann hefur á síðustu árum beint sjónum sínum í auknum mæli að áhrifum raka á gæði innilofts og tekið þátt í vinnuhópnum „Betri byggingar“ sem hefur að hluta fyllt það skarð sem myndaðist þegar opinberum byggingarannsóknnum var hætt.

Kennsla og fræðsla af ýmsu tagi hafa verið stór hluti af viðfangsefnum Björns. Þá hefur hann unnið mikilvægt starf fyrir Verkfræðingafélag Íslands sem fulltrúi félagsins í ýmsum nefndum um málefni er varða byggingariðnað og húsnæðismarkað.